

Persónuverndarstefna

Eyrir Invest hf. hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa hvaða persónuupplýsingar Eyrir Invest safnar og með hvaða hætti fyrirtækið nýtir slíkar persónuupplýsingar.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða alla núverandi og fyrrverandi starfsmenn Eyrir Invest, stjórnarmenn og hluthafa félagsins (hér eftir sameiginlega vísað til „**hinna skráðu**“).

1. Tilgangur og lagaskylda

Eyrir Invest leitast við að uppfylla í hvítetna persónuverndarlöggjöf og er persónuverndarstefna þessi byggð á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“), með síðari breytingum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga („**reglugerðin**“).

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

3. Vinnsla persónuupplýsinga um starfsmenn Eyrir Invest

3.1. Persónuupplýsingar sem Eyrir Invest safnar og vinnur um starfsmenn

Eyrir Invest safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um starfsmenn sína. Mismunandi persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka starfsmenn og kann vinnsla og söfnun persónuupplýsinga að fara eftir eðli starfa.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem Eyrir Invest safnar um starfsmenn:

- samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- starfsumsóknir, meðmæli og upplýsingar úr starfsviðtölum;
- upplýsingar um menntun, þjálfun og starfsreynslu;
- sakaskrár og vanskilaskrár starfsmanna (eftir því sem við á);
- ráðningasamningar;
- upplýsingar um laun og hlunnindi og aðrar tengdar upplýsingar, s.s. um bankareikninga, kaup, dagpeninga o.fl.;
- upplýsingar um stéttarfélagsaðild, eftir því sem við á;
- viðvera starfsmanna; fjarvera vegna veikinda og orlofstaka
- frammistöðumöt og upplýsingar úr frammistöðuviðtölum;
- upplýsingar um innskráningar í ákveðin tölvukerfi s.s. upptökur af símtölum (eftir því sem við á);
- upptökur úr öryggismyndavélum;
- aðgangsupplýsingar; og

- ljósmyndir.

Auk ofangreindra upplýsinga, kann Eyrir Invest einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem starfsmenn láta fyrirtækinu sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru fyrirtækinu nauðsynlegar sökum starfsemi þess.

Að meginstefnu til aflar Eyrir Invest persónuupplýsinga beint frá starfsmönnum. Í tilvikum þar sem persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun fyrirtækið leitast við að upplýsa starfsmenn sína um slíkt.

3.2. Hvers vegna safnar Eyrir Invest persónuupplýsingum um starfsmenn og á hvaða grundvelli?

Eyrir Invest safnar persónuupplýsingum um starfsmenn fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningum við starfsmenn, á grundvelli heimildar í lögum eða á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins.

Sú vinnsla sem framkvæmd er til að uppfylla skyldur samkvæmt ráðningarsamningum við starfsmenn felst einkum í eftirfarandi:

- launavinnslu og greiðslu á öðrum kjörum;
- mati á frammistöðu; og
- mati á hæfni til að vinna ákveðið verk eða gegna ákveðinni stöðu.

Upplýsingar sem unnar eru á grundvelli ráðningarsamnings starfsmanns eru nauðsynlegar til að fyrirtækið geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart starfsmönnum, s.s. vegna greiðslu launa og til að vernda hagsmuni þeirra. Veiti starfsmaður Eyri Invest ekki nauðsynlegar upplýsingar getur fyrirtækinu verið ómögulegt að uppfylla skyldur sínar eða nauðsynlegt kann að vera að breyta verkefnum eða stöðu starfsmannsins innan fyrirtækisins.

Eyrir Invest kann einnig að safna og vinna persónuupplýsingar í eignavörsluskyni (t.d. með vinnslu á myndefni úr öryggismyndavélum).

Eyrir Invest getur að auki, í einhverjum tilvikum, unnið persónuupplýsingar á grundvelli lagaskyldu, s.s. vinnulöggjafar, skattalöggjafar og laga um fjármálafyrirtæki.

Í tilvikum þar sem söfnun og vinnsla persónuupplýsinga krefst samþykkis starfsmanns, er starfsmanni ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki.

4. Persónuupplýsingar um stjórnarmenn Eyri Invest

Eyrir Invest safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar stjórnarmanna.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem Eyrir Invest safnar um stjórnarmenn:

- samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- upplýsingar um bankareikning; og
- upplýsingar um menntun og fyrri störf sem stjórnarmenn láta félaginu í té og eru m.a. birtar á heimasíðu félagsins.

Eyrir Invest safnar persónuupplýsingum um stjórnarmenn fyrst og fremst á grundvelli heimildar í lögum eða á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins. Þá kann vinnslan að byggja á samningi við stjórnarmenn.

Sú vinnsla sem framkvæmd er á grundvelli lagaheimildar og lögmætra hagsmuna fyrirtækisins sem og samningi félagsins við stjórnarmenn felst einkum í eftirfarandi launavinnslu og greiðslu á öðrum kjörum

5. Persónuupplýsingar um hluthafa Eyrir Invest

Eyrir Invest safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar hluthafa.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem Eyrir Invest safnar um hluthafa:

- samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang; og
- upplýsingar um hlutafjäreign

Eyrir Invest safnar persónuupplýsingum um hluthafa fyrst og fremst á grundvelli heimildar í lögum eða á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins. Þá kann vinnslan að byggja á samningi við hluthafa um hlutafé í félaginu.

Sú vinnsla sem framkvæmd er á grundvelli lagaheimildar og lögmætra hagsmuna fyrirtækisins sem og samningi félagsins við hluthafa felst einkum í eftirfarandi:

- arðgreiðslum;
- opinberum skráningum;
- skil á hlutafjármiðlum til skattyfirvalda; og
- miðlun upplýsinga til hluthafa.

6. Rafræn vöktun

Rafræn vöktun fer fram hjá félaginu í formi söfnunar upplýsinga um innskráningar í ákveðin tölvukerfi og söfnunar aðgangsupplýsinga upptökum úr öryggismyndavélum.

Vöktunin fer fram vegna öryggis- og eignavörslusjónarmiða. Rafræn vöktun fer ekki fram í öðrum tilgangi, svo sem í verkstjórnarskyni, eða í þeim tilgangi að fylgjast með mætingum eða vinnuskilum.

Við vöktunina er þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Ávalt er þess gætt að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra.

Þess verður gætt að aðeins þeir sem hafa sérstaka heimild til að skoða efni sem safnast við rafræna vöktun hafi aðgang að þeim upplýsingum.

7. Miðlun til þriðju aðila

Eyrir Invest kann að miðla persónuupplýsingum um hina skráðu til annarra starfsmanna, verktaka, ráðgjafa og annarra þriðju aðila vegna þjónustu þeirra fyrir fyrirtækið, þ.á m. til aðila sem sinna upplýsingatæknipjónustu.

Eyrir Invest mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

8. Meginreglur um vinnslu

Öll vinnsla Eyrir Invest á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við persónuverndarlöggjöf, þ. á m. 8. og 9. gr. persónuverndarlaga og 6. og 9. gr. reglugerðarinnar.

Eyrir Invest skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum um hina skráðu sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ eftir því sem við verður komið. Upplýsingum skal aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og skal söfnun og vinnsla ekki ganga lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt þykir miðað við tilgang vinnslunnar.

9. Hvernig eru persónuupplýsingar hinna skráðu verndaðar?

Eyrir Invest leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

10. Varðveisla á persónuupplýsingum

Eyrir Invest mun aðeins varðveita persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Eyrir Invest kann, í stað þess að eyða persónuupplýsingum, að gera þær ópersónugreinanlegar svo ekki sé unnt að rekja þær til ákveðins einstaklings.

11. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum

Mikilvægt er að þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru um hina skráðu séu bæði réttar og viðeigandi. Því er lögð rík áhersla á að hinir skráðu tilkynni fyrirtækinu um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeirra.

Hinir skráðu eiga rétt á því að óáreiðanlegar persónuupplýsingar er þá varða séu leiðréttar. Að teknu tilliti til tilgangs vinnslu persónuupplýsinga skulu hinir skráðu eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar er þá varða, þ.m.t. með því að leggja fram frekari upplýsingar.

12. Aðgangur hinna skráðu að persónuupplýsingum

Hinir skráðu eiga rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Eyrir Invest vinnur sem og upplýsingar um vinnsluna. Þá kann hinn skráði einnig að eiga rétt að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem varða hann og fyrirtækið vinnur með.

Aðgangur hinna skráðu að persónuupplýsingum sem Eyrir Invest varðveitir um þá er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda fyrirtækið til að hafna beiðni um aðgang að persónuupplýsingum.

Ef upp koma aðstæður þar sem fyrirtækið getur ekki veitt hinum skráða aðgang að persónuupplýsingum, mun fyrirtækið leitast við að útskýra hvers vegna beiðni um aðgang er hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

13. Réttur til eyðinga og takmörkunar á vinnslu

Í ákveðnum tilvikum kann hinn skráði að hafa heimild til að óska eftir að persónuupplýsingum um hann sé eytt án tafar. Til að mynda ef varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang söfnunar eða vinnslu eða ef hinn skráði hefur afturkallað samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga liggja engin önnur heimild henni til grundvallar.

Hinum skráða kann auk þess að vera heimilt að óska eftir að vinnsla persónuupplýsinga um hann verði takmörkuð við ákveðnar aðstæður, t.d. ef vinnslan er ólögum og hinn skráði vill heldur takmarka vinnsluna en að persónuupplýsingum hans sé eytt eða sé varðveislan óþörf miðað við tilgang vinnslunnar en hinn skráði vill engu að síður að upplýsingarnar séu áfram varðveittar til að hægt sé að höfða mál eða verjast málsókn.

14. Sjálfvirk ákvarðanatöku og réttur til gagnaflutninga

Eyrir Invest notast ekki við sjálfvirka ákvarðanatöku við vinnslu persónuupplýsinga um hina skráðu. Taki Eyrir Invest ákvörðun um að beita sjálfvirkri ákvarðanatöku mun fyrirtækið veita hinum skráðu nauðsynlegar upplýsingar um þau rök sem liggja að baki slíkrri vinnslu sem og um þýðingu og fyrirhugaðar afleiðingar slíkrar vinnslu fyrir hina skráðu.

Fari vinnsla persónuupplýsinga fram með sjálfvirkri ákvarðanatöku eiga hinir skráðu rétt á að fá persónuupplýsingar sem þá varðar og þeir hafa afhent fyrirtækinu og unnar eru með samþykki hins skráða eða á grunni samnings hins skráða, á skiljanlegu og aðgengilegu formi. Hinum skráða er einnig heimilt að miðla þessum gögnum áfram til þriðja aðila.

15. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi hinir skráðu einhverjar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða áhyggjur af því hvernig persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, er þeim bent á að hafa samband við framkvæmdastjóra rekstrar sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina hinum skráðu um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari.

Ef hinn skráði er ósáttur við vinnslu fyrirtækisins á persónuupplýsingum getur hinn skráði sent erindi til Persónuverndar, www.personuvernd.is.

16. Endurskoðun

Eyrir Invest kann frá einum tíma til annars að breyta persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum, eða vegna breytinga á því hvernig fyrirtækið fer með persónuupplýsingar. Verði breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður hinum skráðu send uppfærð útgáfa af stefnunni.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið send hinum skráðu.

Persónuverndarstefna þessi var samþykkt þann 25 maí 2018.